

24. júní 2019.

Mín bókun:

„Þar sem meirihluti forsætisnefndar hefur fellt tillögu mína að málinu væri vísað aftur til siðanefndar og óskað eftir því að hún rannsaki sannleiksgildi ummæla Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur, eins og hún og Björn Leví Gunnarson óskuðu eftir, þá kýs ég á móti tillögu forseta Alþingis, Steingríms J. Sigfússonar, að afgreiða málið með þeim hætti að gera álit siðanefndar að álit forsætisnefndar.

Tilgangur siðareglanna

eru að koma í veg fyrir að þingmenn misnoti aðstöðu sína til að hygla sjálfum sér á kostnað almannahags. Það er staðreynd að Ásmundur Friðriksson fór ekki eftir reglum sem voru í gildi og bæði það um og fékk meira greitt af almannafé en gildandi reglur sögðu

til um. Þórhildur Sunna sagði þá staðreynd vekja rökstuddan grun um lögbrot af hálfu Ásmundar og kallaði eftir rannsókn á því hvort svo væri.

Skilaboð

meirihluta forsætisnefndar til þingmanna eru því skýr. Það að óska eftir og fá meira greitt af almanna fé en gildandi reglur heimila, er ekki siðabrot. Það að segja að slíkt skapi rökstuddan grun um brot sem þurfi að rannsaka, er siðabrot.

Ég

get ekki lesið niðurstöðu meirihluta forsætisnefndar öðruvísi en svo að:

‘Sönn

ummæli Þórhildar Sunnu um mögulega spillingu eru túlkuð sem siðabrot á Alþingi.’

Með

þessu móti hefur meirihluti forsætisnefndar snúið siðareglum fyrir Alþingismenn á haus. Þessi afgreiðsla er til þess fallin að fela mögulega spillingu og þagga niðri í þeim sem vilja uppræta hana. Þessi afgreiðsla gengur gegn tilgangi siðareglanna.“

Jón Þór Ólafsson,

5. varaforseti Alþingis.